

Ed.

640. Frumvarp

til laga um tilbúinn áburð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, að taka í sínar hendur einkasölu á hverskonar tilbúnum áburði frá 1. okt.

1928. Þá er þetta hefir verið ákveðið, er engum öðrum heimilt að flytja hing-
að til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkis-
sjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá út-
löndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og
strandferðaskip ríkisins koma á.

3. gr.

Áburðurinn er ekki útvegaður og seldur öðrum en hrepps- og bæjar-
fjelögum, búnaðarfjelögum, samvinnufjelögum bænda og kaupmönnum. Heim-
ilt er að leggja á áburðinn alt að 2%. Það skal vera undantekningarlaus
regla, að áburðurinn sje greiddur við móttöku. Að öðru leyti setur ríkis-
stjórnin, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, reglur um rekstur versl-
unarinnar.

4. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar, svo og allan annan kostnað við
framkvæmd laga þessara, greiðir ríkissjóður.